


- Það vantar fleiri iðn- og STEAM menntaða á vinnumarkað.
- Allt að 1.000 umsóknum um iðnnám hefur verið hafnað á ári.
- Það þarf 9.000 sérfræðinga til starfa í hugverkaiðnaði.

● IÐNAÐURINN BYGGIR Á MANNAUÐI

- Mikill vöxtur hefur verið í iðnaði á undanförunum árum, sem hefur skilað sér í auknum lífsgæðum hér á landi.
- Lykilþáttur í starfsemi greinarinnar er mannauður, en alls starfa nú um 51 þúsund manns í iðnaði, eða einn af hverjum fimm starfandi á íslenskum vinnumarkaði.
- Starfsmönnum í iðnaði hefur fjölgað um nær 14 þúsund á undanförunum áratug, og hafa aldrei áður jafn margir starfað í greininni hér á landi.
- Störf í iðnaði eru fjölbreytt, bæði í rótgrónum og nýjum iðngreinum, í útflutningi og á innlendum markaði, með starfsemi um allt land.

Starfandi í iðnaði

12 mánaða hlaupandi meðaltal, í þúsundum




● SKORTUR Á MANNAUÐI HEFTIR VÖXT IÐNAÐAR


- Menntakerfi landsins hefur ekki annað þeirri mannauðsþörf sem skapast hefur vegna vaxandi iðnaðar á síðustu árum.
- Stórum hluta þarfarinnar hefur verið mætt með innflutta vinnuafli, og hefur hlutfall innflytjenda af heildarfjölda starfandi í iðnaði farið úr 10% í 27% á síðustu 15 árum.
- Í könnun sem gerð var meðal stjórnenda aðildarfyrirtækja SI í mars 2024 kemur fram að skortur sé á starfsfólki í 48% iðnfyrirtækja.
- 56% segja að það skorti iðnmenntað starfsfólk. Einnig hefur verið skortur á STEAM menntuðum.
- Ljóst er að skortur á vinnuafli hefur verið dragbítur á vöxt iðnaðarins síðustu ár, og tækifærum til aukinnar verðmætasköpunar greinarinnar hefur verið fórnað vegna skorts á vinnuafli með rétta færni. Þetta hefur haft áhrif á efnahagsleg lífsgæði landsmanna.
- Þrátt fyrir að dregið hafi úr vexti hagkerfisins og iðnaðarins undanfarið, mælist enn talsverður skortur á menntuðu vinnuafli í greininni.

Innflytjendur í iðnaði


Hlutfall af heildarfjölda starfandi í iðnaði



Er skortur á starfsfólki í þínu fyrirtæki núna?




Hvers konar starfsfólk skortir helst?




600-1.000 VÍSAÐ FRÁ IÐNNÁMI Á SAMA TÍMA OG ÞAÐ ER SKORTUR Á IÐNMENNTUÐUM

- Undanfarin ár hefur um 600-1.000 nemendum verið vísað frá iðnnámi, samanlagt á haust- og vorönn, vegna þess að iðnnámsskólarnir hafa ekki getað tekið við nema hluta nemenda.
- Þrátt fyrir aukinn áhuga og aðsókn í námið hefur ekki tekist að bjóða upp á nægjanlegan fjölda nemapláss, sem veldur því að fleiri nemendur fá ekki inngöngu í námið.
- Hlutfall nemenda, 21 árs og eldri, sem hafnað er í námið hefur aukist umfram þá sem yngri eru.
- Litið til næstu ára er mikil þörf á fleiri iðnmenntuðum. Má nefna að stjórnendur fyrirtækja í rafiðnaði áætla að ráða þurfi 800 rafvirkja á næstu fimm árum. Þá segja 67% stjórnenda fyrirtækja í rafiðnaði að erfiðleikar við að finna rétt starfsfólk hafi heft vöxt fyrirtækisins á síðustu árum. Einnig segja 35% að innlent menntakerfi muni ekki mæta færniþörf fyrirtækjanna litið til næstu fimm ára.

Fjöldi umsókna og fjöldi samþykktara í iðnnám




Hafa erfiðleikar við að finna rétt starfsfólk heft vöxt fyrirtækisins á síðustu árum?



■ Já ■ Hvorki né ■ Nei ■ Veit ekki/vil ekki svara

Telur þú að innlent menntakerfi muni mæta færniþörf þíns fyrirtækis litið til næstu fimm ára?




■ Já ■ Nei ■ Veit ekki/vil ekki svara

HLUTFALL FRAMHALDSSKÓLANEMA Í IÐNNÁMI LÁGT HÉR Á LANDI

- Það er fænimisræmi á vinnumarkaði. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) bendir á þetta í nýlegri skýrslu sinni um íslenskt menntakerfi. Stofnunin segir að fænimisræmið sé samfélaginu kostnaðarsamt og dragi úr samkeppnishæfni landsins.
- Niðurstöður stofnunarinnar sýna að mun lægra hlutfall ungmenna hér á landi er í iðnnámi, og færri klára námið á tilsettum tíma samanborið við önnur OECD-ríki.
- Lægra hlutfall hérlendis lýkur framhaldsskóla á tilsettum tíma, einkum í iðnnámi. 64% af þeim sem fara í framhaldsnám (bóknám eða iðnnám) hérlendis ljúka náminu á tilsettum tíma en meðaltal OECD er 77%. Aðeins 40% af nemendum í iðnnámi ljúka námi á tilsettum tíma en meðaltal OECD er 62%.


Hlutfall framhaldsskólanema í starfsnámi 2022



SKORTUR Á HÚSNÆÐI TAKMARKAR AÐGANG AÐ IÐNMENNTUN

- Húsnæði iðnskóla (iðn-, verk- og starfsnámsskóla) landsins er fullnýtt samkvæmt könnun sem SI lét gera meðal forsvarsmanna skólanna í nóvember 2023.
- Stjórnendur skólanna, sem svöruðu könnuninni, meta að þeir geti tekið við samanlagt 4.876 nemendum innan núverandi húsnæðis. Heildarfjöldi nemenda í iðnnámi hjá þessum skólum er nú 4.653, og er nýtingahlutfallið því ríflega 95%.
- Samkvæmt könnuninni er húsnæði stærstu iðnskóla landsins fullnýtt, og svigrúm til fjölgunar nemenda þar er lítið sem ekkert. Einungis í minni skólum á landsbyggðinni er mögulegt að fjölga nemendum eitthvað innan núverandi húsnæðis, en þar er hins vegar aðeins boðið upp á mjög takmarkaðan hluta iðnnámsins.

Fjöldi nemenda í iðn- og verknámi




SKORTUR Á STEAM MENNTUÐUM


- Stjórnendur fyrirtækja í tækni- og hugverkaiðnaði innan raða SI vænta þess að fjölga starfsfólki fyrirtækja sinna verulega á næstu árum, samkvæmt könnun sem Outcome framkvæmdi fyrir SI.
- Niðurstöður könnunarinnar benda til að fjölga þurfi sérfræðingum í tækni- og hugverkaiðnaði hér á landi um 9 þúsund á næstu fimm árum ef vaxtaráform fyrirtækjanna ná fram að ganga.
- Í heild starfa nú ríflega 18 þúsund manns í tækni- og hugverkaiðnaði, og hefur þeim fjölgað um 4 þúsund á síðasta áratug, eða um nær 30%.
- Um er að ræða verðmæt hálaunastörf þar sem verðmætasköpun á hverja vinnustund – framleiðni – er meiri en almennt í hagkerfinu.
- 63% stjórnenda fyrirtækjanna segja að innlent menntakerfi muni ekki mæta færnipörf fyrirtækja þeirra á næstu fimm árum, þar á meðal öll stærri fyrirtæki í könnuninni.
- Ljóst er af könnuninni að skortur á vinnuafli hefur heft vöxt þeirra á síðustu árum. 63% stjórnenda fyrirtækja í könnuninni segja að erfiðleikar við að finna rétt starfsfólk hafi heft vöxt fyrirtækjanna, en 26% segja að svo hafi ekki verið.
- Þetta dregur úr verðmætasköpun og útflutningi hagkerfisins. Áætlað er að greinin skili 320 milljörðum króna í útflutningstekjur í ár og hafa þær tvöfaldast síðan 2019. Ef áætlanir ganga eftir gæti greinin tvöfaldað útflutningstekjur sínar aftur á næstu fimm árum.

Starfandi í tækni- og hugverkaiðnaði

Byggt á svörum fyrirtækja sem tóku þátt í könnuninni




Hafa erfiðleikar við að finna rétt starfsfólk heft vöxt fyrirtækisins á síðustu árum?



■ Já ■ Nei ■ Hvorki né

Telur þú að innlent menntakerfi muni mæta færnipörf þíns fyrirtækis lítið til næstu fimm ára?



■ Já ■ Nei ■ Veit ekki/vil ekki svara